

## Nefndarsvið Alþingis

### Umsögn við drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. 202/2020

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs gerir athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Mál nr. 202/2020.

*Úr nýsköpunarstefnu stjórnvalda október 2019:*

*„Nýsköpun er ekki aðeins grundvöllur efnabagslegrar vellegni heldur lykillinn að úrlausnum á stærstu viðfangsefnum komandi kynslóða.*

*Hugvit einstaklinga er mikilvægasta uppspretta nýsköpunar. Það er þar sem við getum átt von á að finna lausnirnar og svörin sem munu áfram gera það mögulegt að bjóða upp á framúrskarandi lífsgæði í harðbýlu landi. Stærsta blutverk nýsköpunarstefnu stjórnvalda hlýtur því ávallt að vera að finna leiðir til þess að leyfa þeim sköpunarkrafti að brjótast fram, finna frjósaman farveg, vaxa, dafna og þroskast í opnu og frjálsum umhverfi alþjóðlegrar samkeppni og samvinnu.*

Hér koma athugasemdir við eftirfarandi greinar:

1.gr.

Markmið laganna er að: efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni.

Ósamræmis virðist gæta milli ofangreinds markmiðs og þröngt skilgreindum tilgangi Nýsköpunargarða sem snýst um að reka rannsókn- og tæknisetur í hátækni, verkfræði, raunvísindum og skyldum greinum. Ekki er hugað að breiðu sviði nýsköpunar sb. tilvísun í Nýsköpunarstefnu hér að ofan.

3.gr.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hvetur til þess að svið hönnunar og arkitektúrs falli undir skilgreiningar á nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Þar er mikilvægt að haft sé samstarf við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Listaháskóla Íslands eins og aðra íslenska háskóla og stofnanir.

6.gr.

Til að tryggja að markmið laganna náist við endurskipulagningu málefna á sviði nýsköpunar verða stjórnvöld að tryggja þverfaglega nálgun með aðkomu breiðari hóps fagmanna, m.a. úr hönnun og arkitektúr.

Athugasemd við greinagerð um frumvarpið sem snýr að byggingarrannsóknnum og nýjum samkeppnissjóði:

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs telur brýnt að stjórnvöld standi með faglegum og nútímalegum hætti að byggingarrannsóknnum og tryggi stöðugleika, fagmennsku, nýtingu og miðlun þeirra, enda mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsins, samfélag og atvinnulíf. Óljóst er með hvaða hætti nýr samkeppnissjóður um byggingarrannsóknir skapar þekkingu sem hægt er að miðla og byggja á til frekari rannsókna. Þarna væri ákjósanlegast að skapaður yrði vettvangur fyrir miðlægan kjarna sem tæki heildrænt á rannsóknnum í byggingariðnaðinum.

Mikilvægt er að staðið sé að byggingarrannsóknnum með vísindalegum og markvissum hætti m.a. til að stuðla að vandaðri, endingarbetri og viðhaldsminni mannvirkjum auk þess að stuðla að nýsköpun, tækniþróun, aukinni framleiðni og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð. Þessar áherslur hafa alltaf verið mikilvægar og eru enn í fullu gildi.

Byggingarrannsóknir er tengjast lýðheilsu, umhverfismálum, félagslegum þáttum og sjálfbærni hefur ekki verið sinnt sem skyldi hér á landi. Þéttbýlsvöxtur skapar nýjar og fleiri áskoranir sem mikilvægt er að skilja til að skapa gott og heilbrigt samfélag.

Brýnt er að horfa í auknum mæli til nýsköpunar og nútímalegra rannsókna hvað varðar skipulag borga, innviða, samfélagslegra rýma auk heimilis og atvinnuumhverfis. Þar er hægt að bregðast hratt við og ná fram jákvæðum áhrifum er snúa að orkumálum, loftslagsmálum, innviðauppbyggingu, samlegðaráhrifum, umhverfismálum og hringrásarhagkerfinu.

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs óskar eftir samráði og samtali vegna þessa frumvarps.